

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði þriðjudaginn 10. júlí klukkan 20:00

Mættir eru: Þorgerður, Óskar, Þorsteinn, Edda Kamilla, Kristlaug, Guðrún,
Boðuð forföll: Kristín, Svanbjört, Einar

Óskar setti fund númer 711.

1. Styrkumsóknir
 - Styrkumsókn frá Sveinborgu Daníelsdóttur, þar sem óskað er eftir styrk vegna Gautaborgarferðar, æfingar og keppnisferðar. Samþykkt að styrkja hana.
2. Innsend bréf
 - Umræða um innvígslur á íþróttaiðkendum. ÍSÍ beinir því til sambands aðila að kanna hvort að svoleiðis sé til staðar innan sinna banda.
 - Bréf frá UMFÍ. Sendar voru glærur um umfjöllunarefni á vorkundinum sem að Óskar og Þorsteinn fóru á í vor. Kynningin og fundargerð.
 - Siðareglur. Bæklingur um siðareglur í samskiptum og við rekstur og ábyrgð fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða æskulýðsvettvangsins.
 - Bæklingur frá Menntamálaráðuneyti um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tólmstundarstarfi fyrir börn og unglinga. Þorsteinn ætlar að óska eftir þessum bæklingi á rafrænu formi og senda á aðildarfélögin.
 - Bréf frá ÍSÍ vegna breytinga á lögum UMSE á seinasta þingi. Þar eru löggin staðfest nema að athugasemd er gerð á 7. gr. laga UMSE þar sem að sagt er að það séu í lögum ÍSÍ og UMSE að formaður sé sjálfkjörin á þing samtakanna. Það sé ekki til í lögum hjá ÍSÍ um að formenn aðildarfélaga séu sjálfkjörnir á þingin hjá þeim.
 - Verndum þau námskeið. Verið er að athuga hvort að aðildarfélög hafi áhuga á að halda námskeiðið „Verndum þau“ í sinni heimabyggð. Málið verður skoðað og afgreiðslu frestað til næsta fundar.
 - Bréf frá Eyjafjarðarsveit. Á fundi sveitarstjórnar var ákveðið að Jónas Vigfússon myndi ganga til fundar við UMSE og rekstrarsamning við UMSE.
 - Keppnisreglur á 26. Landsmóti UMFÍ að ári. Reglugerðin er þannig að í liðsíþróttum megum við keppa með eitt lið, í einstaklingsgreinum má hámark keppa í fjórum greinum.
 - Bréf frá UMFÍ. Þar sem fulltrúum sambanda og sveitarfélaga sem sækja um Landsmót 50+ 2013 og 2014 er boðið að koma og vera með kynningu á sínu heimahögum vegna umsóknar um Landsmót 50+.
3. Styrkarsamningar við sveitarfélög
 - a. Bókanir við fundargerðir
 - Þorsteinn sendi bréf til sveitarfélaganna og styrk. Bréf hefur borist frá Eyjafjarðarsveit þar sem Jónasi Vigfússyni var falið að sjá um 3 ára samning. Einnig hefur hefur sveitarstjóra Svalbarðsstrandahreppi og sveitarstjóra Hörgársveita falið að sjá um gerð 3 ára samningar. En íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar falið að sjá um samningarviðræður en þó til 2 ára.
 - b. Fundur með Jónasi Vigfússyni
 - Þorsteinn sat fund með Jónasi seinasta föstudag, 6. júlí. Hann lagði til að boðað yrði til stefnumótunarfundar þar sem að stjórn UMSE, fulltrúar aðildarfélaga og sveitarfélaga

yrðu boðuð. Að fá einhvern til að hafa umsjón með fundi sem að væri hæfur til þess. Jónas stakk upp á að fundurinn yrði haldinn í lok ágúst. Byrja á því að senda bréf til sveitarfélaga.

4. Unglingalandsmót

a. Grill

Tillaga frá unglíngalandsmótsnefnd var að bjóða öllum í grill og þá í 90 ára afmæli og skoða þann möguleika að hafa köku í eftirrétt. Jafnframt að bjóða UMFÍ að koma í grill og köku.

Samþykkt.

b. Flutningur

Í fyrra var verið með kerru sem bilaði í fyrra á leiðinni austur sem í var allt, tjald, borð og bekkir.

Talað var um að athuga hvort að hægt væri að leigja bíl fyrir þennan akstur. Búið er að athuga hvað það myndi kosta að leigja bíl hjá Heldi fyrir eina viku og er það um 70.000.- kr. Hægt væri þá að setja allt dótið inn í bílinn og jafnvel að sleppa kerrunni.

Ákveðið að leigja bíl fyrir Unglingalandsmótið á Selfossi.

c. Bolur

Setja á Bústólpa merki á ermar, UMSE merki á brjósti. Spurning hvort að það eigi að vera númer á bakinu. Ákveðið að það eigi ekki að vera neitt númer á bakinu. Verða til sölu og kaupendur ráða því hvort þeir merkja á bakinu og þá að eigin kostnað.

d. Gallar

Leggja á áherslu á því að þeir sem fara í skruðgönguna eigi að vera í félagagalla UMSE.

e. Annað

Setja á í fréttabréfið þar sem óskað er eftir því að fólk komi kannski með eitthvað smáræði heimabakað og leggi í púkk inn í tjaldinu.

Guðrún ætlar að ræða við bakarí, hvort að hægt sé að fá eitthvert brauðmeti hjá þeim. Einnig að minna á í fréttarbréfinu að fólk komi með tengi ef það vill setja hjólhýsi í samband.

5. Samingur við UFA

UFA er búið að samþykkja samninginn eins og UMSE lagði hann fram til baka, smávægilegt var bætt inn í samninginn í sambandi við keppnisferðir.

6. Frjálsíþróttamál

a. MÍ aðalhluti

Gjaldið samkvæmt þingsamþykkt að greiða 8000.- kr. Allt gistirými er uppbókað þannig að krakkarnir verði að gista í heimahúsum hjá einhverjum sem þau þekkja. Flest þeirra eru að fara með einhverjum sem þau þekkja eða fara sjálf.

Ákveðið að hver keppandi borgi 2.000.- kr fyrir MÍ nú í sumar og síðan verði þessi tillaga endurskoðuð á næsta þingi.

b. Frjálsíþróttabúningar

Komið var með frjálsíþróttabúninginn til að sýna stjórn og er búið að ákveða að taka búninginn.

7. Fréttabréf

Þorsteinn er að verða búinn að ljúka við fréttabréfið.

8. Önnur mál.

- Edda Kamilla og Þorsteinn fóru í 50 ára afmæli Hrings sem haldið var í júní og sögðu aðeins frá því.
- Þorsteinn er að fara á fund í fyrramálið með Árna, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkur. Óskar hann eftir umboði frá stjórn til að geta hafið undirbúningsvinnu á kynningu vegna umsóknar um Landsmót 50+.

Næsti fundur ákveðinn 14. ágúst 2012 kl. 20:00
Þorsteinn kemur með veitingar.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari.

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður.